



Utanríkismálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2016

Umsögn um 23. mál, efling samstarfs Íslands og Grænlands

Utanríkismálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) um tillögu til þingsályktunar um að efla samstarf Íslands og Grænlands, 23. mál.

Fagna ber hugmyndum tillöguflýjtjenda um að auka samstarf Íslands og Grænlands á mörgum og margvíslegum sviðum. Tillaga þessi setur jákvæð og háleit markmið. Viljum við sérstaklega taka undir varðandi mikilvægi þess að „... bjóða til samstarfs á sviði sjávarútvegs í því augnamiði að auka afrakstur af sjávarauðlindum landanna“, eins og segir í tillögunni, og að efla samstarf á sviði hafrannsóknna.

Velheppnað rannsóknasamstarf ætti að geta haft alla burði til að efla hag þjóðanna beggja. Í þessu samhengi viljum við benda á möguleikann á að byggja á þeim vísi að samstarfi sem þegar hefur verið komið á með systurstofnunum landanna á sviði hafrannsóknna. Hér gæti reyndin orðið sú, að „mjór er mikils vísir“, ef þess er gætt að fara fram af skynsemi og raunsæi og starfið fær rými til að þróast frekar á forsendum vísindanna.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.

